

# Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands  
Desember 2003

## Yfirlit efnahagsmála

### *Húsnæðisverðbólga hjaðnar litillega en hjöðnun vöruverðs á enda*

Vísitala neysluverðs hækkaði litillega meira í byrjun desember en sérfræðingar höfðu gert ráð fyrir, eða um 0,3% frá fyrra mánuði. Tólf mánaða verðbólga jókst úr 2,5% í 2,7%, en að húsnæðisliðnum undanskildum úr 1,1% í 1,5%. Kjarnaverðbólga án opinberra verðhækkana mældist u.þ.b. hin sama og hækkun vísitölunnar í heild.

Undanfarna mánuði hefur megintilhneigingin verið að dregið hefur úr húsnæðisverðbólgu, en jafnframt hefur smám saman dregið úr áhrifum af fyrri gengishækkun krónunnar á verð innfluttrar vöru. Gengi krónunnar hækkaði verulega á sl. ári og allt til vormánaða í ár. Hækkun krónunnar leiddi til hjöðnunar vöruverðs, einkum verðs innfluttrar vöru. Í desember hafði verð innfluttrar vöru án áfengis og tóbaks hækkað um tæplega 1% á tólf mánuðum, en þessi liður hefur sýnt verðhjöðnun yfir tólf mánuði frá því í nóvember í fyrra. Hafa ber í huga að tæplega 0,1% hækkunarinnar skýrist af hækkun bensíngjalds. Að auki hækkðu bílar nokkuð í verði, sem ætla má að tengist aukinni eftirspurn. Markaðsverð húsnæðis hækkaði um rúmlega ½%, eftir að hafa staðið u.þ.b. í stað í tvo mánuði. Hækkunin var þó mun minni en næstu þrjú mánuði þar á undan.

### *Góður hagvöxtur þriðja ársfjórðungi 2003*

Góður hagvöxtur var á þriðja fjórðungi ársins, eins og á fyrri hluta þess, eða 3,2%. Þjóðarútgjöld jukust um 9,3% frá því fyrir ári, sem er sami vöxtur og á öðrum ársfjórðungi. Þar af jókst einkaneysla um 6½%, samneysla um tæplega 4% og fjármunamyndun um 27%. Þessi mikli vöxtur þjóðarútgjalda endurspeglast í tæplega 16% vexti innflutnings, en vöxtur útflutnings var hins vegar dræmur, aðeins 1%.

Flest bendir til að vöxtur einkaneyslu á lokafjórðungi ársins verði einnig umtalsverður. Til marks um það er að greiðslukort-

velta í október og nóvember var 11% meiri en fyrir ári. Þótt ársvöxtur neysluveruinnflutnings hafi að undanförmu verið heldur minni en á öðrum ársfjórðungi var hann enn mikill í október. Einnig bendir aukinn afli sl. tvo mánuði til þess að útflutningur muni vænkast.

### *Halli á viðskiptum við útlönd nam 13 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi*

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri nam viðskiptahallinn á þriðja fjórðungi ársins 13 ma.kr. Á sama tíma í fyrra var tveggja ma.kr. afgangur. Hallinn var heldur minni en á öðrum fjórðungi ársins, þegar hann nam 17 ma.kr., en að jafnaði er minni halli á þriðja en öðrum fjórðungi ársins. Reyndar hefur ekki áður orðið jafnmikill viðskiptahalli á þriðja fjórðungi ársins, en sem hlutfall af landsframléiðslu var hann svipaður og á sama tíma árið 2000.

Að meginhluta liggja umskiptin í lakari vöruviðskiptajöfnuði, sem versnaði um 11½ ma.kr., en einnig var afgangur á þjónustu-jöfnuði minni. Á móti kom að jöfnuður þáttatekna var rúmlega 1 ma.kr. hagstæðari, eða neikvæður um því sem næst 4½ ma.kr. Jöfnuður rekstrarframlaga var einnig óhagstæðari. Aukinn viðskiptahalli var að mestu leyti fjármagnaður með erlendu lánsfé sem innlánsstofnanir öfluðu, en á móti jókst fjárúttreyrmi vegna verðbréfakaupa.

### *Vöruútflutningur dróst áfram saman í október*

Vöruskiptahallinn nam 2,8 ma.kr. í október. Samdráttur útflutnings jókst, en vöxtur innflutnings var heldur minni en mánuðinn á undan. Hann var þó meiri en að jafnaði á árinu til þessa.

### *Afli í nóvember mun meiri en fyrir ári*

Gott tíðarfar, vaxandi fiskgengd og auknar fiskveiðiheimildir leiddu til þess að vel aflaðist í nóvember sl., bæði í botnfiski og uppsjávarfiski. Verðmæti fiskaflans í nóvem-

ber sl. var u.þ.b. fjórðungi meira á föstu verði en í nóvember 2002. Framan af ári voru aflabrögð í slakara lagi, einkum í febrúar og mars, en sl. tvo mánuði hafa þau verið mun betri en á sama tíma í fyrra. Fyrstu 11 mánuði ársins öfluðust u.þ.b. 1.900 þús. tonn, sem er í góðu meðallagi miðað við undanfarin ár. Aflaverðmæti janúar til nóvember á föstu verði var u.þ.b. 1½% meira en í fyrra skv. mati Hagstofunnar, og er það í fyrsta sinn frá því í janúar sl. sem heildaraflí það sem af er ári er meiri en fyrir ári. Botnfiskafli var töluvert meiri en í fyrra, kolmunnaafllinn jókst mjög, en loðnuaflinn dróst saman.

*Árstíðarleidirétt atvinnuleysi er tekið að minnka og nýjum atvinnuleyfum fjölgar á ný*  
Í nóvember var skráð atvinnuleysi 3% af mannafla, eða 3,3% að teknu tilliti til árstíðarsveiflu. Árstíðarleidirétt var atvinnuleysið 0,1 prósentu minna en í fyrra mánuði og 0,2 prósentum minna en í ágúst og september. Í ljósi boðaðra uppsagna hjá varnarliðinu og ríkisspítölunum er þess þó vart að vænta að árstíðarleidirétt atvinnuleysi minnki ört á næstu mánuðum. Atvinnuleysi var sem fyrr nokkru meira á höfuðborgarsvæðinu en utan þess og tæplega 1% meira meðal kvenna en karla.

Ein helsta vísbendingin um aukna eftirspurn hefur til þessa verið fjölgun lausra starfa hjá vinnumiðlunum, en mun minna hefur verið um veitingu nýrra atvinnuleyfa

en undanfarin ár. Undanfarna 3 mánuði hafa hins vegar verið gefin út næstum þriðjungi fleiri ný atvinnuleyfi en á sama tíma í fyrra. Þessar niðurstöður má túlka sem svo að ekki hafi tekist að ráða í mörg störf sem skráð voru laus fyrr á árinu og að atvinnurekendur séu því farnir að leita á erlendan vinnu- markað í auknum mæli.

#### *Batnandi afkoma skráðra fyrirtækja*

Afkoma skráðra atvinnufyrirtækja fyrstu 9 mánuði þessa árs var á heildina litið góð og svipuð og fyrir ári. Í samanburði við sex mánaða uppgjör fyrirtækjanna batnaði bæði framlegð og hreinn hagnaður. Hagnaður eftir skatta var þó minni en fyrir ári, sem skýrist af neikvæðum fjármagnsliðum, en í fyrra var nokkur gengishagnaður á erlendar skuldir.

Betri afkoma á þriðja fjórðungi ársins skýrist að nokkru leyti af ártíðarbundnum sveiflum í afkomu í flutningastarfsemi, en afkoman batnaði þó í öllum geirum að iðnaði undanskildum.

#### *Einnig í þessum Hagvísun*

- Álverð hefur hækkað um 12% sl. 12 mánuði (mynd 25).
- Gengi evru gagnvart Bandaríkjadal hefur verið í sögulegu hámarki undanfarna daga og farið yfir 1,23 (mynd 69).

Í Hagvísun er notast við talnagögn sem tiltæk voru 17. desember 2003.

## Yfirlitstafla Hagvísu

I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar <sup>1</sup>	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Breyting (%)			Áhrif á VNV (%)	12 mán. br. fyrir ári (%)
			frá fyrri mánuði	yfir 6 mánuði <sup>2</sup>	yfir 12 mánuði		
Vísitala neysluverðs (VNV) (maí 1988=100).....	des. '03	230,0	0,3	2,8	2,7	.	2,0
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensins)	des. '03	130,3	0,2	2,8	3,0	2,6	2,8
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu).....	des. '03	130,9	0,3	2,6	2,7	2,2	2,7
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis .....	des. '03	128,0	-0,2	0,9	1,4	0,1	0,0
Búvörur og grænmeti.....	des. '03	116,5	-0,7	-0,3	0,4	0,0	-2,4
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks .....	des. '03	110,5	0,6	2,4	0,9	0,3	-1,7
- mat- og drykkjarvörur.....	des. '03	122,7	0,4	1,8	-0,9	0,0	-7,9
- nýr bíll og varahlutir.....	des. '03	117,7	0,9	4,9	3,3	0,2	-1,4
- bensín.....	des. '03	121,8	2,4	9,1	2,4	0,1	-2,5
- innfluttar vörur aðrar.....	des. '03	101,9	0,3	0,4	0,0	0,0	-0,5
Húsnæði.....	des. '03	171,8	0,5	8,0	8,9	1,5	6,8
Opinber þjónusta.....	des. '03	129,7	0,0	4,8	6,2	0,5	3,5
Önnur þjónusta.....	des. '03	137,5	0,3	1,2	1,4	0,3	5,4
Dagvara.....	des. '03	122,7	-0,4	0,7	0,3	0,1	.
Innflutningsgengisvísitala (31. des. 1994=100).....	28. nóv. '03	106,1	-0,4	11,6	-2,6	.	-13,5

Verðbólguvæntingar m.v. verðbólguálag vaxta <sup>3</sup> .....	Nýjasta tímabil	Vænt 12 mán. verðbólga	Breyt. frá síðustu könnun.	Vænt 12 m. verðbólga fyrir ári	Vænt verðbólga á		Hugmynd um verðb. sl. 12 mán.
					árskvarða á næstu 2 ár	3 ár	
Verðbólguvæntingar m.v. verðbólguálag vaxta <sup>3</sup> .....	12. des. '03	.	.	.	2,3	2,7	.
Verðbólguvæntingar fyrirtækja.....	sept. '03	2,9	-0,8	.	2,8	.	.
Verðbólguvæntingar almennings.....	okt. '03	3,1	-0,3	3,5	.	.	2,9

1. Grunntímabil vísitalna: Vísitala neysluverðs: maí 1988; aðrar verðvísitalur undirflokkar: mars 1997=100. 2. Umreiknað til árshraða. 3. Reiknað verðbólguálag til 2 og 3 ára miðað við mismun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina með sama líftíma.

II Framleiðsla og eftirspurn	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Landsframleiðsla (ma.kr.).....	3. ársfj. '03	202,6	194,4	.	3,2	594,7	3,1
Þjódarútgjöld (ma.kr.).....	3. ársfj. '03	211,0	189,1	.	9,3	611,0	6,8
Einkaneysla (ma.kr.).....	3. ársfj. '03	112,2	104,9	.	6,5	330,1	6,3
Samneysla (ma.kr.).....	3. ársfj. '03	53,1	49,4	.	3,8	158,3	4,2
Fjármunamyndun (ma.kr.).....	3. ársfj. '03	44,7	34,1	.	26,9	122,8	10,4
Útflutningur (ma.kr.).....	3. ársfj. '03	79,0	80,8	.	1,0	217,4	0,1
Innflutningur (ma.kr.).....	3. ársfj. '03	87,4	-75,6	.	15,8	-233,8	9,3
Velta skv. virðisaukaskattsskýrslum (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	júlí-ág. '03	229,1	211,0	4,6	6,7	856,5	-0,1
Dagvöruvelta (nóv. 2001=100).....	nóv. '03	105,8	103,9	-2,0	1,9	107,5	4,2
Greiðslukortavelta (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	nóv. '03	40,6	38,3	-8,8	5,0	467,4	9,2
Velta skráðra fyrirtækja (ma.kr.).....	jan.-sept. '03	198,5	185,5	.	.	198,5	7,1
Sementssala (þús. tonn).....	nóv. '03	12,3	10,8	-14,3	13,5	126,6	17,3
Nýskráning bifreiða (stk.).....	nóv. '03	902	573	-15,2	57,4	11.875	48,5

Skýring: Allar breytingar fjárhæða á milli tímabila eru raunbreytingar. 1. Breytingar eru reiknaðar út frá árstíðarleiðréttem tölum.

III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Verðlag sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli (jan. 1999 = 100)	okt. '03	95,4	99,1	0,0	-3,7	97,9	-4,4
Verðlag áls á heimsmarkaði (\$/tonn).....	des. '03	1.539	1.375	1,9	11,9	1.429	5,8
Verð olíu á heimsmarkaði (\$/fat).....	des. '03	30,0	28,3	2,0	5,9	28,7	15,2
Botnfiskafli (þús. tonn).....	nóv. '03	39,7	34,4	0,0	15,5	457,1	3,7
Uppsjávarafli (þús. tonn).....	nóv. '03	97,9	34,8	4,8	181,2	1.400,3	-2,0
Vöruútflutningur (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	okt. '03	15,8	19,0	9,0	-15,0	152,9	-7,1
- sjávarafurðir (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	okt. '03	9,6	11,9	-1,8	-17,9	95,4	-8,4
- ál (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	okt. '03	3,1	3,5	18,0	-8,7	29,1	-6,6
- aðrar iðnaðarvörur (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	okt. '03	2,5	2,9	59,2	-11,9	22,8	-0,5
Vöruinnflutningur (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	okt. '03	18,6	17,1	-2,8	11,5	167,1	9,7
Vöruskiptajöfnuður (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	okt. '03	-2,8	1,9	.	.	-14,3	.
Útflutningur þjónustu (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	3. ársfj. '03	35,1	32,6	41,8	14,3	80,3	6,8
Innflutningur þjónustu (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	3. ársfj. '03	32,6	28,0	11,2	23,8	85,7	17,7
Raungengi m.v. verðlag (1980=100).....	3. ársfj. '03	92,0	90,5	-4,2	1,6	93,8	6,1

1. Breytingar á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd eru á föstu gengi.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá <sup>1</sup>		Frá ársbyrjun <sup>2</sup>	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
<b>IV Vinnumarkaður og tekjur</b>							
Fjöldi atvinnulausra .....	nóv. '03	4.400	4.077	341	323	4.908	38,1
Hlutfall atvinnulausra, árstíðarleiddrett (% af mannafla).....	nóv. '03	3,3	3,0	-0,1	0,3	3,3	0,8
Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun (% af mannafla) .....	3. ársfj. 2003	2,6	.	-1,5	.	3,5	.
Laus störf á vinnumiðlunum.....	nóv. '03	452	160	17	183	465	103,5
Útgáfa nýrra atvinnuleyfa.....	nóv. '03	84	53	-33	58	790	-16,6
Útgáfa atvinnuleyfa alls.....	nóv. '03	247	277	-37	-11	3.014	-10,7
Launavísitala (des. 1988=100).....	okt. '03	240,4	227,9	0,2	5,5	238,7	5,6
Kaupmáttur launa m.v. launavísitölu (1990=100).....	okt. '03	131,1	127,0	-0,3	3,2	131,6	3,6

1. Breytingar á fjölda atvinnulausra sýna fjölgun/fækkun; breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar breytingar vísitalna og breytingar á útgáfu atvinnuleyfa og fjölda lausra starfa eru hlutfallslegar (%); breytingar í aftasta dálki eru hlutfallslegar (%). 2. Meðalfjöldi atvinnuleysisdaga í mánuði, meðaltal atvinnuleysisshlutfalls en uppsafnaður fjöldi atvinnuleyfa .

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
<b>V Opinber fjármál</b>							
Tekjuafgangur ríkissjóðs (ma.kr.).....	nóv. '03	-1,9	-1,1	.	.	-10,9	.
Tekjuafgangur ríkissjóðs, hlutfall af tekjum (%).....	nóv. '03	-9,2	-5,8	.	.	-4,7	.
Hrein lánsfjárför (ma.kr.).....	nóv. '03	0,9	0,6	.	.	1,6	.
Hrein lánsfjárför (% af tekjum).....	nóv. '03	4,2	3,3	.	.	0,7	.
Tekjur ríkissjóðs (ma.kr.).....	nóv. '03	20,5	18,8	0,9	6,8	229,4	9,0
- af virðisaukaskatti (ma.kr.).....	nóv. '03	7,2	6,5	-1,8	7,4	70,7	7,1
- af staðgreiddum tekjuskatti & tryggingargj. (ma.kr.).....	nóv. '03	6,5	5,8	-0,9	10,1	72,1	5,9
- af innflutningi og áfengi (ma.kr.).....	nóv. '03	1,6	1,4	-4,7	13,6	16,0	10,6
Útgjöld ríkissjóðs (ma.kr.).....	nóv. '03	22,4	19,9	-2,0	10,2	240,3	6,4

Skýring: Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 mánaða meðaltöl, fram til þess mánaðar sem tilgreindur er. Allar breytingar fjárhæða á milli tímabila eru raunbreytingar.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
<b>VI Eignamarkaðir</b>							
Úrvalsvísitala, mánaðarmeðaltal (des. 1997=100).....	nóv. '03	1.972,6	1.315,3	5,6	50,0	1.561,1	21,5
Heildarvísitala aðallista, mánaðarmeðaltal (des. 1997=100)....	nóv. '03	1.947,8	1.385,8	4,2	40,6	1.600,8	20,8
Velta, mánaðarleg (ma.kr.).....	nóv. '03	48,5	22,8	-31,4	112,8	494,5	67,8
Verð íbúða í fjölbýli á höfuðb.svæði (jan. 1999=100).....	nóv. '03	162,9	145,9	0,5	11,7	158,0	12,6
Raunverð íbúða alls á höfuðb.svæði (jan. 1996=100).....	nóv. '03	145,1	131,6	-0,1	10,2	140,8	10,0
Aflahlutdeild (kr./kg.).....	nóv. '03	1.250	1.000	0,0	25,0	1.220	33,0

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
<b>VII Fjármálamarkaðir</b>							
Útlán innlánsstofnana til innlendra aðila (ma.kr.).....	31. okt. '03	800,0	695,8	2,0	13,8	.	.
að frádrögnum áætl. gengis- og vísitölu áhrifum <sup>1</sup> (vísitala)	31. okt. '03	185,7	160,6	1,7	14,5	.	.
að raungildi (jan. 2000=100).....	31. okt. '03	143,5	127,9	1,8	12,2	.	.
Útlán lánaakerfisins (ma.kr.).....	30. júní '03	2.133	1.931	5,2	10,5	.	.
M3 (ma.kr.).....	31. okt. '03	479,9	382,5	1,3	25,5	.	.
Stýrivextir Seðlabankans (%).....	12. des. '03	5,3	5,8	0,0	-0,5	5,4	-3,1
Peningamarkaðsvextir, 3ja mán (%).....	12. des. '03	5,1	6,2	0,0	-1,1	5,4	-3,7
Ríkisvixlavextir, 3ja mán (%) <sup>1</sup> .....	12. des. '03	4,8	6,1	0,1	-1,3	5,0	-3,2
Skammtímarauvextir 3ja mán r.vix m.v. verðb.álag (%) <sup>2</sup> .....	12. des. '03	1,3	4,0	-0,1	-2,7	2,2	-3,2
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa, (4½ ár, fl. RIKB 07 0209) (%) <sup>2</sup> ....	12. des. '03	7,2	6,9	0,3	0,3	6,8	-1,3
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa, (11 ár, RIKB 13 0517) (%) <sup>2</sup> .....	12. des. '03	7,7	7,5	0,1	0,3	7,6	2,8
Ávöxtunarkrafa húsbréfa til 25 ára (IBH 26 0315) (%) <sup>2</sup> .....	12. des. '03	4,6	5,3	0,1	-0,7	4,7	-1,0
Ávöxtunarkrafa húsbréfa til 40 ára (IBH 41 0315) (%) <sup>2</sup> .....	12. des. '03	4,6	5,2	0,1	-0,6	4,7	-0,8
Ávöxtunarkrafa spariskírteina til 5 ára (RIKS 05 0410) (%) <sup>2</sup> ..	12. des. '03	3,7	4,8	0,1	-1,1	4,0	-1,4
Ávöxtunarkrafa spariskírteina til 15 ára (RIKS 15 1001) (%) <sup>2</sup>	12. des. '03	4,3	5,0	0,0	-0,7	4,4	-0,8
Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða (%) <sup>2</sup> ...	12. des. '03	11,7	13,0	0,0	-1,3	12,0	-3,4
Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisjóða (%) <sup>2</sup> .....	12. des. '03	8,7	9,7	-0,2	-1,0	9,1	-1,0
Gengisvísitala krónunnar (31. des. 1991=100) <sup>2</sup> .....	12. des. '03	125,2	128,0	-0,2	-2,2	123,5	-6,2

1. Breytingar milli tímabila eru reiknaðar út frá tölum sem leiðréttar hafa verið fyrir sameiningu reksturs Glitnis og Íslandsbanka í maí 2003. 2. Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 vikna meðaltöl, til þess dags sem tilgreindur er.







## I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar

Vísitala neysluverðs miðuð við verðlag í byrjun desember hækkaði um 0,31% frá fyrra mánuði. Markaðsaðilar höfðu gert ráð fyrir 0,1% til 0,2% hækkun. Tólf mánaða verðbólga jókst úr 2,5% í 2,7%, en að húsnæðisliðnum undanskildum úr 1,1% í 1,5%. Hins vegar minnkaði tólf mánaða taktur kjarnavísitalna ögn, kjarnavísitölu 1 úr 3,1% í 3,0% og kjarnavísitölu 2 úr 2,8% í 2,7%.

Helstu breytingar í stökum liðum voru að eldsneytisverð hækkaði um 2,5% (0,09% vísitöluáhrif) og verð á nýjum bifreiðum um 1,0% (0,07% áhrif). Þættir er varða kaup og rekstur ökutækja skýra því rúmlega helming

hækkunar vísitölnunnar í desember. Markaðsverð húsnæðis hækkaði um 0,6% á milli mánaða (0,07% vísitöluáhrif) sem er líklega nokkuð meiri hækkun en gert hafði verið ráð fyrir. Aftur á móti dró enn úr tólf mánaða hækkun húsnæðisliðar vísitölnunnar í heild, sem mældist 8,9%, samanborið við 10,9% hækkun í ágúst síðastliðnum.







Verðbólguálag ríkisskuldabréfa hefur í desembermánuði verið lítillega hærra en í nóvember. Fyrri hluta desembermánaðar var verðbólguálag til tveggja ára að meðaltali 2,2%, en til fimm ára 3,3%. Í báðum tilvikum nemur hækkunin 0,1%.



## II Framleiðsla og eftirspurn

Þjóðhagsreikningar fyrir 3. ársfjórðung 2003 sýna áframhaldandi hagvöxt. Þjóðarútgjöld jukust um 9,3% frá því fyrir ári, eins og á öðrum ársfjórðungi. Þar af jókst einkaneysla um 6,5%, samneysla um 3,8% og fjármunamyndun um 26,9%. Þessi mikli vöxtur þjóðarútgjalda endurspeglast í 15,8% vexti innflutnings, en vöxtur útflutnings var hins vegar dræmur, aðeins 1%.

Árstíðarleiðrétt greiðslukortavelta dróst verulega saman í nóvember, en þess ber að gæta að veltan hafði verið óvenjulega mikil í september og október. Þrátt fyrir samdráttinn var veltan 5% meiri en fyrir ári. Það sem af er ári hefur greiðslukortavelta verið 9,2% meiri að raunvirði en á sama tíma í fyrra og veltan í október og nóvember til samans var 11% meiri en fyrir ári.














## IV Vinnumarkaður og tekjur



## V Opinber fjármál

Fjárukalög 2003 og fjárlög 2004 voru samþykkt í mánuðinum.



Tekjuafgangur 2003 er áætlaður 4,5 ma.kr. (fjárlög 11,5), miðað við að 1,3 ma.kr. framkvæmdaheimildir frestist. Án eignasölu og „övenjulegs“ lífeyris- og afskriftakostnaðar verður 11 ma.kr. halli (fjárlög -1 ma.kr., vorlög -5,7 ma.kr.)

Tekjur eru áætlaðar 281 ma.kr. (fjárlög 272), þar af skatttekjur 241 ma.kr. (fjárlög 237). Athygli vekur 2,2 ma.kr. (26%) hækkun áætlaðs tekjuskatts fyrirtækja, sem trúlega stafar af afnámi verðbólgu-reikningsskila samfara gengishagnaði 2002. Í meðförum þingsins hækkuðu útgjaldaheimildir 2003 um 4,6 ma.kr. í 277 ma.kr. (fjárlög 260 ma.kr., 265 ma.kr. eftir fyrri fjárukalög), þar af 3,5 ma.kr til heilbrigðis- og félagsmála.



Í fjárlögum 2004 er reiknað með 282 ma.kr. tekjum, þar af 255 ma.kr. skatttekjum, og 7 ma.kr. afgangi. Ekki er gert ráð fyrir eignasölu að heiti. Afgangur án eignasölu og óvenjulegs lífeyris- eða afskriftakostnaðar er því svipaður, eða u.þ.b. 4 ma.kr.

Útgjöld hækkuðu ekki mikið í meðförum þingsins, nema helst til félags- og heilbrigðismála, og minna en bætt var við fjárukalögin. Samþykkt fjárlög 2004 fela því í sér meiri samdrátt frá samþykktum fjárukalögum 2003 en ráða mátti af frumvörpunum í haust.

Tekjuáætlun hækkaði lítið í meðförum þings, um 2,6 ma.kr., enda þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins óbreytt.



## V Opinber fjármál







## VI Eignamarkaðir


Hinn 15. desember hafði úrvalsvísitalan hækkað um rúmlega 4% sl. 4 vikur og um 57% frá ársbyrjun, sem er mesta hækkun innan árs frá upphafi skipulegs hlutabréfmarkaðar hér á landi. Heildarvísitalan hækkaði um 45% á sama tíma. Hækkun innlendra hlutabréfa er mun meiri en

á flestum helstu erlendu hlutabréfamörkuðum. NASDAQ vísitalan hækkaði þó um rúmlega 45% á sama tímabili.

Verð veiðiheimilda, bæði leigu- og varanlegs kvóta, hefur staðið í stað þrjá mánuði í röð.



## VI Eignamarkaðir



## VII Fjármálamarkaðir





Endurhverf viðskipti innlánastofnana drógust saman í nóvember, níunda mánuðinn í röð, um 42% frá sama tíma í fyrra. Það sem af er desember hafa endurhverf viðskipti innlánsstofnana haldið áfram að dragast saman frá fyrra ári.

Stýrivextir Seðlabankans hafa verið óbreyttir frá 10. febrúar sl. Raunstýrivextir bankans, metnir með verðbólguálagi óverðtryggðra ríkisbréfa til rúmlega 3 ára voru 1,5% þann 12. desember og hafa verið að meðaltali 0,3 prósentum lægri fyrstu 2 vikur desember en í nóvember.








Þriggja mánaða peningamarkaðsvextir hafa verið lægri en stýrivextir Seðlabankans frá miðjum ágúst mánuði og að meðaltali u.þ.b. 5,1% frá byrjun október.

Skammtíma vaxtamunur við útlönd var 2,8% hinn 12. desember, svipaður og meðaltali í nóvember.



Ávöxtunarkrafa flestra verðbréfa ríkissjóðs hefur verið hærri fyrstu tvær vikur desember en að meðaltali í nóvember. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa hefur hækkað meira en verðtryggðra bréfa. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa til rúmlega 3 ára var að meðaltali 0,3 prósentum hærri fyrstu tvær vikurnar í desember en hún var að meðaltali í nóvember og ávöxtunarkrafa 10 ára ríkisbréfa var um 0,2 prósentum hærri.



## VII Fjármálamarkaðir



## VII Fjármálamarkaðir







## VIII Alþjóðleg efnahagsmál

Iðnaðarframleiðsla í Bandaríkjunum jókst, öllum á óvart, um 0,9% í nóvember og endurskoðaðar tölur sýna frekari vöxt í september og október eða 0,5% og 0,4%. Nýting framleiðslugetu hefur batnað og aukning er í flestum framleiðslugreinum. Aðeins er farið að draga úr atvinnuleysi. Það mældist 5,9% í nóvember og hefur ekki verið lægra í 8 mánuði. Neysluverðsvísitalan lækkaði um 0,2% í nóvember.









Á evrusvæði varð 0,6% samdráttur iðnaðarframleiðslu í september og var því enn deyfð í framleiðslugeiranum. Veruleg aukning iðnaðarframleiðslu varð hins vegar í Þýskalandi og Frakklandi í október, 2,4% og 1,3%. Atvinnuleysi var 8,8% í október eins og undanfarna mánuði. Verðbólga er nær óbreytt, mældist 2,0% í október.

Í Japan heldur vöxtur iðnaðarframleiðslu áfram. Útflutningur til Kína eykst mest og efnahagsbatinn í Bandaríkjunum hefur ekki haft úrslitaáhrif. Vinnurmarkaðurinn er enn í lægð og atvinnuleysi var 5,2% í október sem er aukning frá síðasta mánuði. Verðhjóðnun sl. 12 mánuði var 0,3%.

Vöxtur virðist kominn á skrið í Bretlandi og betur gengur í framleiðslugeiranum. Iðnaðarframleiðslan jókst um 0,9% í október. Verðbólga helst lítil, var 1,3% í nóvember, miðað við samræmda vísitölu neysluverðs í Evrópu-sambandinu.





## VIII Alþjóðleg efnahagsmál





## VIII Alþjóðleg efnahagsmál



# Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

## Mynd 1. Verðbólga

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða %-breyting neysluverðsvisitölu Hagstofunnar og kjarnavísitalna 1 og 2. Einnig er sýnt verðbólguþéttun Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

## Mynd 2. Neysluverðsvisitala eftir eðli og uppruna

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar fjögurra undirliða neysluverðsvisitölnnar: vísitölu húsnæðis, innfluttra vara án áfengis og tóbaks, innlendra vara án búvöru og grænmetis og annarrar þjónustu. Til og með febrúar 1997 er grænmeti innifalið í liðnum innlendar vörur án búvöru og grænmetis. Frá og með mars 1997 breyttist sundurliðun Hagstofu og grænmeti var einnig undanskilið.

## Mynd 3. Verð innfluttrar vöru í vísitölu neysluverðs og vöruskiptavegin innflutningsgengisvisitala

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð á innfluttum vörum án áfengis og tóbaksverðs í vísitölu neysluverðs. Visitala með meðaltal tímabilsins sem myndin sýnir sem grunnildi. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvisitala, meðaltal mánaðar, mars 1997 = 100.

## Mynd 4. Verðbólga á Íslandi og í viðskiptalöndunum

Heimild: Hagstofa Íslands, Eurostat. Verðbólga á Íslandi og á EES-svæðinu miðað við 12 mánaða breytingu samræmdrar vísitölu neysluverðs (HICP). Verðbólga í viðskiptalöndunum er miðuð við 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum, Japan og Sviss en 12 mánaða breytingu í samræmdrar vísitölu neysluverðs í öðrum viðskiptalöndum.

## Mynd 5. Verð matvöru, dagvöru og bensíns

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar í verðvísitölum þriggja undirflokka neysluverðsvisitölu, matvöru, dagvöru og bensíns.

## Mynd 6. Verðbólguvæntingar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og fyrirtækja og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar eru skv. könnunum sem Gallup gerir fyrir Seðlabankann. Á árunum 2000-2002 sá IBM (áður PriceWaterHouseCoopers) um kannanirnar á verðbólguvæntingum almennings. Spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er mismunur ávöxtunar ríkisbréfa til um 3 ára (RIKB 07 0209) og spariskírteinaflokks sem er svipaðar tímallengdar (RIKS 05 0410.) Tölur eru í mánaðarlok tímabilið janúar 2000 - desember 2002 og daglegar frá 1. janúar 2003.

## Mynd 7. Ársfjórðungslegar þjóðhagsstærðir

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting einkaneyslu, útflutnings, þjóðarútgjalda og vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi á fjóra ári.

## Mynd 8. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um heildarveltu og veltu innanlandsgreina. Tölur eru staðvartar með vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis og eru einnig sýndar árstíðarleiddar.

## Mynd 9. Dagvöruvelta

Heimild: Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ). Visitala veltu dagvöru í smásölu. Staðvart með verðvísitölu dagvöru í neysluverðsvisitölunni. Nóvember 2001=100. Visitalan er reiknuð af IMG skv. upplýsingum sem berast beint frá fyrirtækjum og er miðað við að a.m.k. 80% fyrirtækja í greininni skili upplýsingum.

## Mynd 10. Greiðslukortavelta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Velta greiðslukorta (samanlögð velta debetkorta og kreditkorta) innanlands og erlendis. Staðvart er með vísitölu neysluverðs (velta innanlands) og meðalgengisvisitölu (velta erlendis). Sýnd er breyting veltu frá fjóra ári í %, annars vegar í einum mánuði og hins vegar á tímabilinu frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar.

## Mynd 11. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliði. Úrtak er parað við fjóra ár og notaðar fyrirbyggjandi upplýsingar hverju sinni.

## Mynd 12. Sementssala og nýskráningar bifreiða

Heimildir: Sementsverksmiðjan hf., Aalborg Portland Ísland hf. og Bílgreinasambandið. Sementssala tveggja aðila, Sementsverksmiðjunnar hf. og Portland Cement. Hinn síðarnefndi hóf sölu sements hér á landi á árinu 2000. Bæði nýjar og notaðar nýskráðar bifreiðir, allir flokkar (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir).

## Mynd 13. Samningsverð í útboðum og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana

Heimildir: Framkvæmdasýsla ríkisins, Innkaupastofnun Reykjavíkur og Vegagerð ríkisins. Miðað er við ársfjórðungslegt, vegið meðaltal samninga. Sýnd er fjárhæð samninga og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana.

*Mynd 14. Væntingavísitölur Gallup*

Heimild: Gallup. Væntingavísitala Gallup ásamt vísitölum um mat á núverandi ástandi og væntingar til 6 mánaða.

*Mynd 15. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi*

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

*Mynd 16. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur*

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

*Mynd 17. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýnt er útflutningsverðmæti 3 flokka útflutningsvara (sjávarafurðir, ál og kísiljárn og iðnaðarvörur), reiknað á föstu gengi. Vísitala, janúar 2000=100.

*Mynd 18.. Vöruútflutningur*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verðmæti vöruútflutnings, reiknað á föstu gengi m.v. útflutningsvegna meðalgengisvísitölu. Sýnt er 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, fyrir heildarvöruútflutning og vöruútflutning að undanskildum skipum og flugvélum.

*Mynd 19. Árstíðarleiðréttur vöruinnflutningur*

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðarleiðrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að veða saman með gengisvoginni vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

*Mynd 20. Verð- og magnþróun í vöruviðskiptum*

Heimild: Hagstofa Íslands. Verð og magnþróun innflutnings og útflutnings. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frádregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

*Mynd 21. Þjónustujöfnuður*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er breyting verðmætis útfluttrar og innfluttrar þjónustu frá sama fjórðungi fyrra árs, reiknað á föstu gengi.

*Mynd 22. Undirþættir viðskiptajafnaðar*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Viðskiptajöfnuður í hverjum ársfjórðungi í ma.kr., skipt eftir helstu undirþáttum (vöruskiptajöfnuður, þjónustujöfnuður og þáttatekujöfnuður.) Rekstrarframlög eru talin með þáttatekjum.

*Mynd 23. Mánaðarlegar aflatölur*

Heimild: Hagstofan. Mánaðarlegt aflamagn (í tonnum) botnfisks, uppsjávarfisks og annarra tegunda.

*Mynd 24. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða*

Heimild: Hagstofan. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarimiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en aflamagnið.

*Mynd 25. Verð á sjávarafurðum og áli*

Heimild: Hagstofa Íslands og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum er reiknað á Hagstofu Íslands. Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með vöruskiptavog m.v. útflutning. Verð áls frá LME. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðarleiðrétt.

*Mynd 26. Olíu- og bensínverð*

Heimild: Bloomberg. Hráolia, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu fjögurra ársfjórðunga.

*Mynd 27. Hrávöruverð á heimsmarkaði*

Heimild: EcoWin/IMF. Mánaðarlegar tölur. Hrávöruverð án eldsneytis, verð á grunnmálum og verðlag matvæla.

*Mynd 28. Ársfjórðungslegt raungengi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

*Mynd 29. Atvinnuleysi*

Heimild: Vinnuálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðarleiðrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

*Mynd 30. Atvinnuleyfi og störf í boði*

Heimild: Vinnuálagstofnun. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Heildarfjöldi útgefna atvinnuleyfa er sýndur og einnig fjöldi nýrra leyfa (og leyfa vegna nýs vinnustaðar). Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar.

*Mynd 31. Fjöldi starfandi*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Frá 2003 er byggt á upplýsingum úr ársfjórðungslegri vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 var byggt á upplýsingum úr staðgreiðslugögnum. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

*Mynd 32. Vinnuálag og meðalvinnutími á viku*

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

*Mynd 33. Atvinnuleysi skv. könnun Hagstofu*

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

*Mynd 34. Launavísitala og kaupmáttur launa*

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölunnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirk með vísitölu neysluverðs.

*Mynd 35. Laun á almennum markaði, hjá opinberum starfsmönnum og launaskrið*

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölunnar. Tímabil miðast við útreikningstíma vísitölunnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Myndin sýnir launaskrið yfir sl. 4 ársfjórðunga.

*Mynd 36. Tekjuafgangur og hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs*

Heimildir: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins og Seðlabanki Íslands. Tekjuafgangur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar, sýndur sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárafgangur frá ársbyrjun sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárafgangur er tekjuafgangur að viðbættu innstreymi afborgana af veittum lánnum umfram ný lán, hækkun viðskiptaskulda umfram viðskiptaeignir og innstreymi vegna eignasölu að frá-dregnu útstreymi vegna hlutafjárkaupa og eiginfjárframlaga. Ef lánsfjárafgangur er jákvæður er tækifæri til að greiða niður skuldir.

*Mynd 37. Tekjur og gjöld ríkissjóðs*

Heimildir: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins og Seðlabanki Íslands. Sýnd er hlutfallsleg breyting tekna og gjalda ríkissjóðs á milli ára, miðað við uppsafnaðar tölur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar. Óreglulegum liðum er sleppt til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára.

*Mynd 38. Þróun skatttekna*

Heimildir: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins og Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrjú flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi.

*Mynd 39. Þróun ríkisútgjalda*

Heimildir: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins og Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrjú flokkar útgjalda ríkis; almenn mál og löggæsla; félags-, heilbrigðis- og menntamál; atvinnuálag.

*Mynd 40. Hlutafráfarleg markaður: Mánaðarleg velta og dagleg verðþróun*

Heimild: Kauphöll Íslands. Sýnd er mánaðarleg heildarvelta skráðra hlutabréfa (Tilboðsmarkaður meðtalinn) og dagleg gildi úrvals vísitölu og heildarvísitölu aðallista. Nýjasta talan um veltu er velta yfirstandandi mánaðar fram að útgáfu Hagvísu.

*Mynd 41. Fasteignaverð: íbúðaverð á höfuðborgarsvæði*

Heimild: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð í fjölbýli og sérbyli á höfuðborgarsvæðinu. Sýnd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur byggðar á verðþróun íbúða í fjölbýli eingöngu á höfuðborgarsvæði.

*Mynd 42. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði*

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungstölur. Vegið meðaltal iðnaðar, verslunar og skrifstofuhúsnæðis, 1995=100. Sýnt er bæði einfalt meðaltal samninga og vegið eftir stærð húsnæðis.

*Mynd 43. Íbúðalánasjóður: afgreidd húsbréf og afgreiddar umsóknir vegna nýbygginga og endurbóta*

Heimild: Íbúðalánasjóður og Fasteignamat ríkisins. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Tölur Íbúðalánasjóðs um afgreidd húsbréf á nafnverði og markaðsvirði í hverjum mánuði eru staðvirkar með vísitölu fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi afgreiddra húsbréfalána til nýbygginga einstaklinga og byggingaraðila og til endurbóta.

*Mynd 44. Verð veiðiheimilda í þorski*

Heimild: LIÚ og Kvótapiing. Sýnt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

*Mynd 45. Útlánaaukning lánakerfisins*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs. Útlán til heimila, fyrirtækja og útlán alls.

*Mynd 46. M3 og innlend útlán innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Breyting útlána er með FBA hf. frá og með mars 1999 og með Kaupþingi banka hf. frá janúar 2002. Útlánaþróun er einnig sýnd leiðrétt fyrir áætluðum áhrifum verðlags- og gengisbreytinga á stofn verðtryggðra og gengistryggðra lána.

*Mynd 47. Raungildi M3 og innlendra útlána innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Staða í lok hvers mánaðar er færð til fasts verðs með neysluverðsvísitölu. M3 er árstíðarleiðrétt. Í mars 1998 bætast útlán FBA hf. við vísitölu útlána og Kaupþing banki hf. í janúar 2002. Janúar 2000=100.

*Mynd 48. Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankann*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Grunnfé Seðlabankans og staða endurhverfra viðskipta lánastofnana við Seðlabankann. Sýnd er 12 mánaða breyting 3 mánaða meðaltala.

*Mynd 49. Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vextir á peningamarkaði*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar tölur um ávöxtun í endurhverfum verðbréfasamningum Seðlabankans við lánastofnanir og ávöxtun á peningamarkaði á skuldbindingum til 1 dags og 3 mánaða.

*Mynd 50. Skammtíma vextir og vaxtamunur við útlönd*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur 3 mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímaraunvextir eru reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir verðbólguálagi ríkisbréfa. Verðbólguálagið er munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina. Frá og með júlí 2002 er miðað við flokkana RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410. Fram að því var miðað við flokkana RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210. Vikulegar tölur.

*Mynd 51. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun ríkisbréfa miðað við hagstæðasta kauptilboð í flokkana RIKB 03 1010, RIKB 07 0209 og RIKB 13 0517.

*Mynd 52. Tímaróf óverðtryggðra vaxta*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Myndin vinstra megin sýnir REIBOR-vexti á lánnum til mislangs tíma. Myndin hægra megin sýnir vexti í kauptilboðum á ríkisvixlum og ríkisbréfum.

*Mynd 53. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kauptilboð viðskiptavaka í 15 ára spariskírteini og húsbréf. Sýndir eru flokkarnir RS15 1001 og IBH26 0315.

*Mynd 54. Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða, ávöxtun ríkisbréfa og stýrivextir*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á óverðtryggðum skuldabréfalánnum banka og sparisjóða, ávöxtunarkrafa ríkisbréfa til um 3 ára (flokkur RIKB 07 0209) og vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans.

*Mynd 55. Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisjóða og ávöxtun spariskírteina*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á verðtryggðum skuldabréfalánnum banka og sparisjóða og ávöxtunarkrafa húsbréfa (flokkur IBH 26 0315) og spariskírteina (flokkur RIKS 05 0410).

*Mynd 56. Mismunur meðalkjörvaxta og stýrivaxta, mismunur útlánsvaxta banka og ávöxtunar spariskírteina*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mismunur óverðtryggðra meðalútlánsvaxta banka og sparisjóða og ávöxtunarkröfu spariskírteina til um 2 ára (flokkur flokkur RIKS 05 0410) (þessar raðir eru sýndar í mynd 54). Mismunur óverðtryggðra meðalkjörvaxta banka og sparisjóða og vaxta í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans.

*Mynd 57. Út- og innláns vextir banka og sparisjóða (verðtryggð kjör)*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vegið meðaltal meðalvaxta óverðtryggðra skuldabréfalána og vegið meðaltal innlánsvaxta á verðtryggðum reikningum bundnum í 60 mánuði hjá bönkum og sparisjóðum.

*Mynd 58. Gengisþróun krónunnar*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Gengisskráningarárvísitala íslensku krónunnar, mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisskráningarárvísitölu er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

*Mynd 59. Verðlagsþróun erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar 12 mánaða breyting neysluverðs í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 60. Atvinnuleysisþróun erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi (fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af mannafla) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 61. Iðnaðarframleiðsla erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiddrétt iðnaðarframleiðsla sem vísitala (2000=100) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 62. Hagvöxtur erlendis*

Heimild: EcoWin. Ársfjórðungslegar tölur. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðung á fyrra ári í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 63. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

*Mynd 64. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira.

*Mynd 65. Hlutabréfaverð erlendis*

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Sýndar eru breiðar hlutabréfavísitölur; S&P 500 í Bandaríkjunum, EURO STOXX Index á evrusvæðinu, FTSE 350 í Bretlandi og Nikkei 225 í Japan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 2000.

*Mynd 66. Stýrivextir seðlabanka erlendis*

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur um stýrivextir Seðlabanka í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

*Mynd 67. Vextir á peningamarkaði erlendis*

Heimildir: EcoWin. Daglegar tölur um vexti á peningamarkaði til 3 mánaða í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

*Mynd 68. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa erlendis*

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Japan og Bretlandi.

*Mynd 69. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi m.v. íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 1999.

*Mynd 70. Hagvaxtarspár fyrir Bandaríkin og ESB*

Heimild: Consensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu í Bandaríkjunum og í Evrópusambandinu. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár.

*Mynd 71. Hagvaxtarspár fyrir öll lönd (meðaltal)*

Heimild: Consensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu að meðaltali í þeim löndum sem Consensus Forecasts birtir spár fyrir. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár.

*Mynd 72. Leiðandi hagvísar (Leading Indicators) OECD*

Heimild: EcoWin, OECD. 6 mánaða breyting á árskvarða. OECD, Bandaríkin, evrusvæðið, Bretland og Japan. Leiðandi hagvísar OECD eru samsettir og byggjast á breiðu safni annarra hagvísu.